

From: "Jón Óttar Ólafsson"

Subject: Skattamál sjómanna

Date: April 30, 2016 at 10:34 AM

To: Aðalsteinn Helgason /o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group /cn=Recipients/cn=user18bfd32a,
Ingvar Júlíusson /o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group /cn=Recipients/cn=user15c9342e,
Arna Bryndís Baldvins McClure /o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group /cn=Recipients/cn=user73bd41f7
Cc: Jóhannes Stefánsson /o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group /cn=Recipients/cn=user5e8f4e95



Sæl öll

Við Jóhannes hittum skattalögmann hjá Ernst og Young í gær á leið okkar í brúðkaupið. Eftirfarandi eru atriði sem komu upp á þeim fundi varðandi skattamál sjómanna.

- 1) Frá og með fyrsta janúar á þessu ári átti að draga skatt af sjómönnum. Fyrstu skil á þeim skatti voru 20. febrúar. Þann 21. febrúar féll á sekt fyrir að borga seint sem nemur 10% af upphæðinni sem átti að greiða vegna launa í janúar. Þetta heldur áfram að safna sektum (þ.e. vangreiðd janúargreiðsla) á þrjátíu daga fresti, alltaf 10%. (Þ.e. ný 10% upphæð skellur á). Staðan á febrúar og mars er eins og ef ekki verður borgað fyrir apríl þann 21. maí þá kemur líka 10% sekt á þá upphæð.
- 2) Ofan á allt þetta eru 20% ársvextir á allar skuldir hjá skattinum hérna þar til þær eru greiddar og ekki er heimilt samkvæmt lögum að fá slíkar upphæðir niðurfelldar með neinum hætti.
- 3) Greiðslan til Cape Cod er ekki service og á því ekki að vera með VAT (alveg eins og við höfum það) en það er hættu á að skattamennirnir hérna vilji VAT á þetta af skilningsleysi en lögmaðurinn sagði að það væri bara ekki rétt og við gætum alltaf varist því.
- 4) Góðu fréttirnar fyrir okkur er að það er **enn sem komið er engin skattakrafa á okkur í Arcticnam eða Mermaria**. Cape Cod er aðilinn sem skuldar þessar upphæðir í liðum 1 og 2. og það sem meira er að eftir að hafa séð okkur fyrir sjómönnum sem vinna í Namibíu í sex mánuði verða þeir sjálfkrafa "fyrirtæki" hérna í Namibíu og þurfa að standa skila á sköttum og gjöldum s.s. tekjuskatti af þeim tekjum sem þeir fá fyrir vinnu hérna í Namibíu.
- 5) Ef Cape Cod myndi hafa samband við namíbísk yfirvöld strax þá væru góðar líkur á því að hægt væri að semja um niðurfellingu sektanna en ekki vaxtanna. En það eru kannski ekki miklar líkur á því að Cape Cod myndi vilja hefja fyrirtækjarekstur í Namibíu.
- 6) Þetta á við um alla sem myndu starfa fyrir okkur sem starfsmannaleiga. Eftir að hafa séð okkur fyrir mannskap í meira en sex mánuði myndi stofnast skattavesen og þeir þurfa að vera með útibú hérna. Líka Færeyingarnir.
- 7) Varðandi greiðslur til sjómanna þá er hægt að fyrirtækið borgi eins og við höldum. Ef um endurgreiðslur verður einhvern tímann að ræða vegna mistaka hjá okkur verða sjómennirnir að hafa reikning hérna í Namibíu til að fá endurgreitt. Skatturinn borgar ekki til erlendra reikninga. Og borgar í raun yfirhöfuð ekki neitt til baka. Lögmaðurinn sjálfur er að bíða eftir endurgreiðslu og hefur verið að því síðustu tvö ár. Hann þekkir alla í kerfinu og samt gerir hann ekki ráð fyrir að fá neitt til baka á næstunni og kannski yfirhöfuð.
- 8) Greiðslur okkar til sjómanna eftir að hafa dregið af þeim skattinn geta farið til erlendra ríkja og eru í raun ekki skattamál heldur gjaldeyrismál. Ef bankinn sleppir peningunum úr landi þá er það ekki mál fyrir skattinn. Honum er alveg saman. Hingað til hefur þetta auðvitað ekki verið vandamál.
- 9) Sá aðili sem greiðir skattinn til kerfisins verður að vera launagreiðandi í landinu eða fulltrúi launagreiðanda. Ef við værum fulltrúi Cape Cod gætum við hugsanlega þurft að bera einhverja ábyrgð á málum Cape Cod þannig að slíkt vrði að fara í af varúð.

- 10) Góðar fréttir með tvísköttunarsamninginn milli Namibíu og Rússlands. Það eru einhverjar líkur á að sjómenn þaðan sem eru minna en 183 daga hjá okkur þurfi ekki að borga skatt.
- 11) Heilt yfir sagði hann að þessar breytingar væru settar til höfuðs olíu- og sjávarútvegsfyrirtækjum.

Lausnir á þessu máli þurfa eins og gefur að skilja að koma sem fyrst því skyldur hafa þegar myndast þrátt fyrir að þær hafi ekki myndast gegn okkur sem stendur og ekki líklegt að þær geri það. Hins vegar getur ríkið farið að fetta fingur út í greiðslur til Cape Code ef það verður vart við hvernig staða mála er.

Önnur fyrirtæki hérna eru ekki að láta vita hvernig þau ætla að leysa þessi máli. Hugsanlega gera þau ekki neitt og halda bara áfram og biðja bara eftir að starfsmannaleigan þeirra lendi í vandræðum sem hugsanlega gerist ekki því það er ekki víst hversu öflugt skattaeftirlitið hér í Namibíu verður í að fara á eftir erlendum félögum.

Annað sem þau gætu gert væri að finna leið til að greiða sjómönnum sínum framhjá Namibíu með einhverskonar tvöföldu launakerfi þar sem lág laun eru látin sjást í Namibíu en raunveruleg laun gerast annarstaðar. Þau fyrirtæki þurfa þá að leysa tvennt. Annarsvegar að koma peningunum frá Namibíu út til félaga sem greiða launin og hins vegar að útskýra af hverju laun t.d. skipstjóra lækka verulega í kjölfar skattabreytinganna. Upplýsingar um laun sjómanna hingað til eru þekkt innan kerfisins vegna upplýsingagjafar til banka til að koma peningum úr landi.

Við verðum að vinna gríðarlega hratt í þessu máli því það er heimild fyrir yfirvöld að senda tilkynningar til flugvalla hér í landi um að neita sjómönnum um að yfirgefa landið þar til skattamál þeirra hafa komist á hreint ef yfirvöld telja að þeir séu að vinna í landinu en finna engar upplýsingar um skattgreiðslur þeirra.

Bestu kveðjur, Jón